

Kópavogi 31. október 2023

Bæjarstjórn Kópavogs

b.t. Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri

Efni: Ósk um samstarf vegna fyrirhugaðs málþings í Kópavogi til að sporna við notkun á nikótínþúðum og rafrettum meðal unglunga og ungs fólks.

Ágæta bæjarstjórn.

Félag Kvenna í Kópavogi (FKK), yngsta kvenfélag landsins innan Kvenfélagasambands Íslands hyggst skipuleggja málþing til að sporna við notkun á nikótínþúðum og rafrettum hjá unglungum og ungu fólki.

Tilgangurinn er að vekja fólk til umhugsunar um þá hættu sem getur stafað af þessum vörum sem oft liggja á víð og dreif í almenningsgörðum, á skólalóðum og leikvöllum barna.

Markmiðið er að auka umfjöllun og auðvelda stjórnvöldum að finna leiðir til þess að bregðast við og sporna gegn því að börn og unglingar verði fyrir skaða hættulegra efna með því að nota nikótín og rafrettur!

Nýlega birti Embætti Landlæknis niðurstöður sínar, Lýðheilsuvísa sem byggjast á rannsóknum embættisins um heilsu og líðan þjóðarinnar á hverjum tíma.

Í samburði við landið í heild sýna niðurstöðurnar vísbendingar um að í Kópavogi, næst fjölmennasta sveitarfélagi landsins sé mest notkun nikótínþúða nemenda í 10. bekk og meðal ungs fólks á aldrinum 18-34 ára.

Stjórn Félags kvenna í Kópavogi telur þessa þróun vera mikið áhyggjuefni og hefur þegar sett sig í samband við SAMKÖP og Embætti Landlæknis og biðlar nú til Kópavogsbæjar um að leggja sitt að mörkum.

Formaður og varaformaður stjórnar FKK áttu fund með bæjarstjóra Kópavogs á dögunum þar sem vel var tekið í erindið, en með þessu bréfi er hér með óskað eftir samstarfi við Kópavogsbæ um málið.

Stjórn Félags Kvenna í Kópavogi

Una María Óskarsdóttir formaður

Helga Magnúsdóttir varaformaður

Valdís Ösp Árnadóttir

Kristín Björk Viðarsdóttir

Jenný Jóakimsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026